

Nd. 1050. Breytingartillögur [430. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
 2. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:

1987, 6%.

1988 til og með árinu 1995, 5% á hverju ári.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
 37. gr. laganna breytist þannig:
 - a. Á eftir orðunum „og til fjárhagslegrar endurskipulagningar á lögbýlum“ í 1. mgr. komi: og til annarra verkefna sem stuðlað geta að eflingu byggðar í sveitum. Ekki er heimilt að nota fé, sem í Framleiðnisjóð rennur, á grundvelli þessarar greinar til að stuðla að frekari samdrætti búvöruframleiðslu en leiðir af öðrum ákvæðum laganna. Ekki skulu heldur lagðar á Framleiðnisjóð byrðar vegna samninga ríkisvaldsins við samtök bænda um verðábyrgð á tilteknu magni mjólkur- og sauðfjárafurða, sbr. 30. gr.
 - b. Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:

1987, 3%.

1988 til og með árinu 1995, 4% á hverju ári.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning að heildarendurskoðun laganna og skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem í samráði við hagsmunaaðila vinni það verk og leggi fyrir næsta þing.